Vara Data Sheet

DETALE
CPH

# KC14

DETALE CPH er einstök vörulína sem ætluð eru til skrauts sem er hægt að gera virkilega öðruvísi hluti með. Litirnir og áferðirnar eru innblásin af skandinavískri hönnun og hefð og fyrirmyndin er breytileiki náttúrunnar. Vörurnar henta bæði fagmönnum og þeim sem vilja gera hlutina sjálfir.




## Vörulýsing

Litað spartl fyrir veggi og loft til skrauts. Kláraðu verkið með DETALE Topcoat. Skilar munstruðu gerviyfirborði, sem hefur mikla dýpt. Ráðlagt fyrir svæði með miðlungskröfur um notkun sem eru útsett fyrir hóflega miklum óhreinindum og sliti.

- **Gefðu flötum nýtt líf með KC14 litaða spartlinu**
- **Mött og flauelsmjúk áferð**
- **Hrindir frá sér óhreinindum á við mattan málaðan flöt**

## Notkunarmöguleikar

Stofur, anddyri, skrifstofur, verslanir, tannlæknastofur, skrifstofur, hótel og veitingastaðir.
Steypa, léttsteypa, múr, múrsteinn, gifsplötur og áður málaðir fletir.

## Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlunar.

## Meðhöndlun

Fjarlægið laust efni og málningu með því að hreinsa, pússa og þurrka af.
Fjarlægið óhreinindi, fitu, feiti og lausa málningu með því að hreinsa vel.
Pússa slétt hörð og sleip yfirborð.
Í sprungur, ójöfnur og göt þarf að sparsla.
Berðu á tvisvar áður en DETALE Topcoat er borið á.

## Notkun

Dreifið jöfnu og þekjandi lagi með breiðum múrspaða.
Vinnið með spartlið og smyrjið það út meðan á verki stendur.
Veljið verkfæri eftir stærð yfirborðsins.
Kuldi/hiti getur haft áhrif á seigju efnisins.
Forðist myndun rakaþéttingar.
Kuldi og aukið rakastig lengir þurrktíma, tefur fulla verkun og lengir tíma á milli yfirmálunar.
Mikill hiti og lítill loftraki draga úr þurrktíma og leiða til þess að efnið tekur sig ekki jafnmikið.
Hætta er á rýrnun ef spartlþykknið er ekki fullkomlega verkað fyrir viðbótar meðhöndlun.
Alltaf skal prófa takmörk og hvernig viðloðunin er og árangur.

## Væntanleg útkoma

Jafnt, gerviyfirborð, frágengið.
Yfirborðið verður ekki grjóthart og er því viðkvæmt fyrir höggum eða rispum.
Þolir hreinsun og þvott með mildu hreinsiefni án núnings, með vatni og þurrka skal með rökum klút.
Varist að setja hluti á yfirborðið áður en málningin er að fullu hörðnuð.

## ábendingar

Útlitið sýnir hvernig spartlið var borið á vegginn.
Gættu þess að spartla í mjúkum bogum og forðastu að bera efnið alltaf á í sömu átt.
Loftbólur geta myndast og þær hjálpa til við að skapa náttúrulega áferð.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum áður en þú þværð þau. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

**Öryggisbúnaður:** Penslun/rúllun: Hlífðargleraugu og hanskar. Pússun: Búnaður til verndar öndunarfærum.

## Viðbótar upplýsingar

Skrád i gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Nordurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt ad nota vid Svansmerkt byggingarverkefni.

## Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Spartl og kítti |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.08 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 59 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 55 |
| Efnisnotkun (m²/ltr.) | 1 |
| [wetgoodTDSCoverageLong] | 1 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðnun | Min. +10°C |
| Loftraki | Hám. loftraki 80% RH. |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 16 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| Lagþykkt (max.Mm) | 4 |
| Þvottheldni í samræmi við EN-13300/ISO-11998 | Class 2 |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

**Núverandi TDS útgáfa**

júlí 2021

**Í staðinn fyrir TDS útgáfu**

desember 2020